

**Sp. 162. Tillaga til þingsályktunar**

um hluttöku ríkissjóðs í kostnaði við byggingu Djúpbátsins.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að taka að sér, fyrir hönd ríkissjóðs, að greiða  $\frac{3}{4}$  hluta af byggingarkostnaði báts þess, sem fyrirhugað er, að byggður verði til Djúpfærða í Norður-Ísafjarðarsýslu, og verði stærð bátsins 60—70 smálestir brúttó.

**G r e i n a r g e r ð .**

Á fjárlögum fyrir árið 1943 er ákveðið, að ríkissjóður skuli leggja fram  $\frac{3}{4}$  kostnaðar við byggingu flóabáts til Djúpfærða í Norður-Ísafjarðarsýslu. Gert var ráð fyrir, að báturinn yrði nál. 70 smál. að stærð, og var áætlað, að hann mundi kosta nálægt  $\frac{1}{4}$  milljón króna. Framlag ríkissjóðs var því takmarkað við 150 þús. kr.

Nú hefur verið ákveðið, að báturinn verði rúml. 60 smál. En eigi að siður mun verð hans fara verulega fram úr því, sem áætlað var á fjárlagaþinginu 1941.

Stjórn Djúpbátsins hefur þegar látið gera uppdrátt af bátnum og gert samning um kaup á vél í hann, en útboð í bygginguna hefur ekki verið gert, því Djúpbátsstjórnin telur sig ekki geta gert samning um bygginguna fyrr en hún á það víst, að ríkissjóður greiði  $\frac{3}{4}$  bátsverðsins, þótt það fari fram úr því, sem upphaflega var gert ráð fyrir.

Þingsályktun þessi er því skilyrði fyrir því, að bygging bátsins geti hafizt.